


Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur
Bjarni Reykjalín
Kjarna
650 Laugar



Reykjavík, 17. desember 2013
Tilvísun: UST20131000192/ksj

Helgavogur Mývatnssveit. Byggingaráform

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 12. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um byggingaráform á lóð nr. 1 í Helgavogi, Skútustaðahreppi. Fram kemur í erindinu að umsókn hafi borist til Skútustaðahrepps þar sem sótt er um að reisa danskt timburhús, 112 m² að stærð á lóð við Helgavog þar sem byggingarreitur er staðsettur aðeins 50 metra frá vatninu.

Umhverfisstofnun bendir á að með úrskurði umhverfissráðuneytisins frá 13. mars 2006 var leyfð bygging íbúðarhúsnæðis á ofangreindri lóð. Úrskurðurinn náði til tveggja lóða og skv. upplýsingum skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps hefur þegar verið byggt á þeirri lóð sem staðsett er fjær vatninu. Í erindi skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps kemur einnig fram að gert sé ráð fyrir lóðunum tveim í aðalskipulagi. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir tveim einbýlishúsalóðum á Hrútavogstanga, einnig kemur fram að deiliskipulag liggja ekki fyrir og að hámarksnýtingarhlutfall sé 0,2. Ekki kemur fram hve stórar fyrrgreindar lóðir eru. Á svæði ofangreindra lóða var áður iðnaðarsvæði, og er svæðið enn merkt í gráum lit á aðalskipulagsuppdretti þó að upplýsingar komi fram um lóðirnar.

Byggðaðpróun og byggðamynstur

Í gildandi aðalskipulagi fyrir Skútustaðahrepp kemur fram metnaður um að uppbygging í sveitarfélaginu stefni að góðri byggingarlist og aðlögun framkvæmda að umhverfinu, en þar koma eftirfarandi atriði fram:

- Stefnt er að fallegri og aðlaðandi byggð með góðri byggingarlist sem m.a. felst í viðeigandi húskerðum, innbyrðis samræmi og góðri aðlögun að eldri byggð og umhverfi.*
- Ákvæði verði sett í deiliskipulagi sem stuðli að vandaðri umhverfismótun, s.s. um umfang, form, efni, útlit og litaval nýbygginga.*
- Vatnsmegin vegarins umhverfis Mývatn skal spornað við frekari nýbyggingum öðrum en þeim sem tengjast bæjar- og húsabyrpingum sem þar eru fyrir.*


Fráveita


Umhverfisstofnun bendir á að skv. reglugerð um verndun Mývatns og Laxár í Suður – Þingeyjarsýslu skal skólp á vatnasviði Mývatns hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa, sjá 24.gr. ofangreindrar reglugerðar. Umhverfisstofnun bendir á að safnþró væri besti kosturinn þar sem með safnþró er öllum úrgangi safnað saman og hann hirtur og fluttur á urðunarstað með gilt starfsleyfi.

Niðurstaða

Þar sem gert er ráð fyrir ofangreindri lóð í gildandi aðalskipulagi og hún var upphaflega staðfest með úrskurði umhverfisráðuneytisins gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda áætlun. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að staðið sé við metnaðarfulla stefnumörkun aðalskipulags Skútustaðahrepps er kemur fram hér að ofan. Að öllu jöfnu telur stofnunin mikilvægt að ekki sé stefnt að uppbyggingu nær vatninu en 200 metrar, og telur stofnunin einnig mikilvægt að hús á ofangreindri lóð verði staðsett sem lengst frá vatninu. Einnig bendir stofnunin á að mikilvægt er að við framkvæmdir verði forðast allt óþarfa rask og að gæta verður fyllstu varúðar bæði hvað varðar mengun og að ekki þrenghi sífellt meir að búsvæðum fugla við vatnið. Umhverfisstofnun óskaði eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ofangreint erindi, umsögn dagsett 3. desember 2013 hefur borist. Umhverfisstofnun tekur undir varnarorð Náttúrufræðistofnunar um að sífellt virðist vera meiri ásókn í svæði nálægt vatninu og að gæta verði fyllstu varúðar bæði hvað varðar mengun og að ekki verði þrengt meira að búsvæðum fugla við vatnið. Einnig tekur Umhverfisstofnun undir með Náttúrufræðistofnun að einbýlishúsabyggða eða sumarhúsabyggð við vatnið gerir t.d. endurheimt/aukningu búsvæða ómögulega og minnkar jaðarsvæði vegna mengunar.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

